

Eftir að umboðsmaður stefnanda hafði veitt öðrum umboð til þess að sækja þing í málinu fyrir sína hönd, var enn einungis beðið um fresti. Eigi hefur verið upplýst, hvers eðlis veikindi umboðsmanns stefnanda eru eða hversu langvinn þau kunna að verða, og benda því allar líkur til þess, að umboðsmaður stefnanda hefði á fyrra stigi málsins átt að fá það í hendur lögmanni, sem gat leitt það til lykta á eðlilegan hátt. Varðandi þau rök fyrir frestbeiðninni, að svo kunni að fara, að leiða þurfi vitni, sem heimili eigi í öðru lögsagnarumdæmi, og afla einnig gagna þaðan, ber á það að líta, að umboðsmaður stefnanda lagði fram sín síðustu dómsskjöl 10. júní, en umboðsmaður stefnda sitt síðasta skjal 19. júlí og telur þá gagnasöfnun lokið. Eigi hafa verið leidd rök að því, að nauðsynleg sé frekari vitnaleiðsla eða gagnaöflun af hálfu stefnanda. Hann hefur að vísu ekki gefið yfirlýsingu um, að gagnasöfnun væri lokið, en rekstur málsins bendir til hins gagnstæða.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 93/1967. **Karl Sigurbergsson**
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
 gegn
Eldey h/f (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. maí 1967, en málið var þar fellt niður hinn 2. júní s. á. sökum útivistar

umboðsmanns hans. Áfrýjandi skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 15. júní 1967, og var málið þingfest þar 2. október 1967.

Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 91.137.11 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var skipstjóri á v/s Eldey, skipi stefnda, á sumarsildveiðum 1963. Var hann skráður á skipið til þessara starfa frá 14. júní 1963 til 20. september s. á., er hann lét afskrá alla áhöfn skipsins, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Í lok septembermánaðar 1963 voru áfrýjanda greiddar kr. 167.645.34 fyrir starfa sinn á sumarsildveiðunum samkvæmt reikningum hans sjálfs, og kvittaði hann fyrir þessari fjárhæð. Er ósannað, að hann hafi gert fyrirvara um, að hann ætti frekari kröfur á hendur stefnda.

Vorið 1964 krafði áfrýjandi stefnda enn um greiðslu fyrir auka- og eftirvinnu frá sildarvertíðinni, kr. 13.277.39 samkvæmt reikningum áfrýjanda, sem stefndi greiddi. Ekki gerði áfrýjandi frekar en áður fyrirvara um, að hann ætti enn vangoldið fé hjá stefnda, sem taldi sig inna þessa greiðslu af hendi umfram skyldu.

Hinn 30. júní 1964 krafði lögmaður áfrýjanda stefnda um kr. 32.429.80 vegna óréttmætra slita á ráðningarsamningi auk vaxta og innheimtukostnaðar. Þessari kröfu neitaði stefndi, og höfðaði áfrýjandi þá hinn 15. september 1964 mál til innheimtu hennar. Hinn 15. september s. á. framhaldsstefndi áfrýjandi í málinu og krafði nú um bætur alls að fjárhæð kr. 91.137.11. Var bótakrafa þessi byggð á aflahluta skipstjóra þess, sem með skipið var á haustsildveiðum frá 15. október 1963 til næstu áramóta.

Er stefndi greiddi reikninga áfrýjanda vorið 1964, mátti hann, eins og á stóð, treysta því, að lokið væri að fullu fjárskiptum þeirra vegna sumarsíldveiðanna 1963.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til, enda hefur honum eigi verið gagnáfrýjað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Karl Sigurbergsson, greiði stefnda, Eldey h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 13. desember 1966.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 18. september 1964 og dómtekið 15. f. m., hefur stefnandinn, Karl Sigurbergsson skipstjóri, Hólabraut 11, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Keflavíkur með stefnu, útgefinni 15. september 1964 og birtri 17. s. m., gegn Eldey h/f, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.429.80 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir taxta L. M. F. Í. Auk þess krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var lögskráður skipstjóri á v/b Eldey, KE 37, frá 14. júní 1963 til 20. september s. á. á sumarsíldveiðum fyrir Austurlandi, en stefndi gerði út skipið og var eigandi þess. Kjör stefnanda skyldu fara eftir þágildandi kjarasamningum F. F. S. Í. og L. Í. Ú. frá 14. febrúar 1961 með áorðnum breytingum. Í vertíðarlok hafði verið afskráð af bátnum, og segir stefnandi, að sér hafi þá verið sagt upp störfum án tilskilins 3 mánaða fyrirvara samkvæmt 20. gr. nefnds kjarasamnings, sbr og 2. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 og nýrri sjómannalaga nr. 67/1963, 2. gr., og hafi stefnandi ekkert kaup fengið umræddan tíma.

Stefnukröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kauptrygging í 3 mánuði, kr. 9.948.05 á mánuði kr. 29.844.15	
2. Kaup í 3 mánuði, kr. 250.00 á mánuði, sbr. 1. gr.	
kjarasamnings	— 750.00
3. 6% orlof	— 1.835.65

Kr. 32.429.80

Með stefnu, útgefinni 3. febrúar 1965 og birtri 4. s. m., höfðar stefnandi framhaldssök í málinu gegn stefnda *aðallega* til hækkunar á kröfu sinni í frumsök í kr. 91.137.11 með 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Eldey, KE 37, til tryggingar öllum framangreindum kröfum, *til vara*, að stefnda verði dæmt til að greiða aðra lægri fjárhæð en að ofan greinir og *til þrautavara*, að stefnda verði dæmt til að greiða kr. 32.429.80, vexti, málskostnað og að þola sjóveðrétt, svo sem í frumstefnu greinir.

Þessa hækkun á frumkröfu sinni rökstyður stefnandi með því, að honum hafi ekki verið kunnugt, þegar hann fyrst hóf málsóknina, um aflahlut skipstjórans á v/b Eldey, KE 37, á haustsíldarvertíðinni tímabilið 15. október—31. desember 1963 næst á eftir uppsögninni. Upplýsingar um afla bátsins þetta tímabil hafi framkvæmdastjóri stefnda veitt á dskj. nr. 11, aðiljaskýrslu stefnda, en þar segir, að afli skipsins hafi verið 7.500 tonnur frá 15. október 1963 til áramóta. Þá hafi framkvæmdastjóri látið stefnanda í té sundurliðaðan reikning yfir aflahlut skipstjórans þetta tímabil, Péturs Sæmundssonar, og sýni sá reikningur, sem lagður er fram í ljósríti á dskj. 14, að tekjur Péturs hafi verið kr. 91.137.11 og sé það aðalstefnukrafa stefnanda í málinu.

Telur stefnandi, að tjón sitt af brottvikningunni verði sér því aðeins fullbætt, að honum verði tildæmdar bætur, sem nemi öllum þeim tekjum, er nýji skipstjórinn hafði uppsagnartíma stefnanda, en þær væru aðalstefnukrafan í framhaldssök. Engin ástæða hafi verið færð fram af hálfu stefnda fyrir hinum fyrirvaralausum ráðningarlitum né heldur hafi ráðningartími stefnanda verið fyrirfram ákveðinn þannig, að hann skyldi enda við lok sumarvertíðar. Hafi sér því borið skrifleg uppsögn samkvæmt 20. gr. kjarasamningsins, en engin skrifleg uppsögn hafi sér borizt frá stefnda.

Stefndi mótmælir öllum kröfum stefnanda bæði í frumsök og

framhaldssök sem tilefnislausum og krefst algerrar sýknu og sér tildæmdan málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefnandi skýrir nánar svo frá málavöxtum, að hann hafi hinn 17. september 1962 hafið starf sem skipstjóri á v/b Eldey, KE 37, en árið áður hafi hann starfað sem skipstjóri hjá Guðmundi Jónssyni á Rafnkelsstöðum. Hefðu fyrirsvarsmenn stefnda falast eftir sér úr skiprúmi hjá Guðmundi, sem hafi látið hann lausan án þess að þurfa að vinna tilskildan uppsagnarfrest. Hafi hann síðan verið skipstjóri á Eldeynni þar til í lok sumarsíldveiða haustið 1963. Segir stefnandi, að forstjóri stefnda, Jóhannes Jóhannesson, hafi verið staddur á Seyðisfirði 9. september 1963 vegna viðgerðar á nót bátsins. Hafi Jóhannes þá tilkynnt sér uppsögn úr skiprúmi, en jafnframt óskað eftir, að hann ynni áfram uppsagnartímamann, 3 mánuði. Segir stefnandi, að Jóhannes hafi verið hreyfur af vini, er hann tjáði sér uppsögnina, og hafi hann því ekki tekið fullt mark á orðum hans. Eftir þetta hafi veiðar verið lítið stundaðar, enda hafi nótin rifnað að nýju, og var þá veiðum hætt og haldið nokkru síðar til Keflavíkur, þar sem stefnandi afskráði skipshöfnina 20. september, sem hann taldi sjálfsagt að gera, þar sem ýmis gjöld, s. s. ýmiss konar tryggingargjöld, sem útgerðin greiði, séu miðuð við skráningartíma skipshafna.

Stefnandi segir, að sama dag og komið var til Keflavíkur, hafi Jóhannes haft tal af sér og þá viljað gera gott úr því, er þeirra fór á milli á Seyðisfirði, og vildi, að stefnandi gleymdi því og yrði með bátinn áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Kveðst stefnandi hafa tekið vel í þetta, ef hitt gleymdist af báðum. Kveðst stefnandi þá hafa sagt Jóhannesi, að hann vildi sækja fjölskyldu sína norður í Húnavatnssýslu, áður en hann hæfi störf á ný, en hann mundi verða fljótur í ferðinni. Hafi Jóhannes fúslega samþykkt, að stefnandi tæki sér frí til þessa erindis, og mundi hann hringja til stefnanda, ef skyndilega ætti að fara aftur af stað með skipið. Stefnandi kveðst hafa verið um vikutíma í ferðinni og hafi Jóhannes komið að tali við sig skömmu eftir heimkomuna og þá afhent sér reikninga sína og ávisun að fjárhæð kr. 167.645.09 sem greiðslu fyrir sumarúthaldið og inneign sína hjá stefnda. Enn fremur hafi hann þá tjáð sér, að hann óskaði eftir, að hann hætti þá þegar störfum. Muni þetta hafa verið 30. september 1963, að því er stefnandi telur sennilegt, þótt hann muni ekki mánaðardaginn nákvæmlega. Ástæðuna fyrir þessari skyndilegu ákvörðun Jóhannesar segir stefnandi, að Jó-

hannes hafi sagt, að væri sú, að hann, Jóhannes, þrátt fyrir allt treysti sér ekki til þess að láta sem ekkert eftir atburðinn á Seyðisfirði 9. september.

Stefnandi heldur því fram, að þegar hann, sennilega 30. september 1963, móttók reikninga sína og greiðslu, hafi hann áskilið sér rétt til þess að krefjast leiðréttingar á reikningum þessum, þegar hann hefði yfirfarið þá og athugað nánar, og þá um leið fullan rétt til þess að hafa uppi hverjar þær kröfur, er stöfuðu af ráðningarsamningi sínum.

Stefnandi heldur því og fram, að hann hafi oft orðið að leita eftir reikningsskilum frá stefnda, meðan hann var í þjónustu hans, enda hafi hann beinlínis sagt forstjóra Eldeyjar, að hann skyldi láta skipverja ganga fyrir umfram sig í sambandi við greiðslur og reikningsskil og hafi hann gert þetta vegna þess, að stefndi eins og önnur útgerðarfélög ætti oft í fjárhagslegum örðugleikum. eins og gengur og gerist hjá útgerðinni yfirleitt. Stefnandi segir, að hann hafi vorið 1964 fengið uppgerða vinnureikninga, er hann hafi átt hjá stefnda, en ekki fyrr en hann hafi hótað forstjóra stefnda, Jóhannesi, að setja þá reikninga í innheimtu hjá lögfræðingi. Enn fremur segir stefnandi í greinargerð sinni 10. nóvember 1964: „... en ekki greiddi Jóhannes mér þá 3 mánaða uppsagnarfrestinn. Ég hef aldrei afsalað mér neinum rétti til þess að krefjast uppsagnarfrestsins og aldrei skrifað undir neitt fullnaðaruppgjör af hálfu stefnda“. Stefnandi segir, að hinn 29. september 1963 hafi hann farið um borð í v/b Eldey til að sækja ýmsar föggur sínar og hafi hann þá séð þar 2 vélstjóra við vinnu, sem hann hafi ekki ráðið til starfa, og hafi því uppsögnin daginn eftir ekki komið sér á óvart. Stefnandi kveðst enga vinnu hafa stundað, frá því að hann hætti hjá stefnda og þar til hann hóf störf sem skipstjóri á v/b Páli Pálsyni, GK 360, í janúar 1964.

Stefndi skýrir á hinn veginn svo frá, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp fyrirvaralaust, heldur hafi stefnandi sjálfur gengið úr vinnunni án tilskilins fyrirvara, þegar eftir að hann hafði afskráð að veiðitímabili loknu. Strax á eftir afskráningu hinn 20. september hafi hann farið norður í land sér til hvíldar. Er hann kom aftur að viku liðinni, hafi hann óskað eftir uppgjöri og hafi þá orðið að samkomulagi, að hann hætti án nokkurrar eftirkröfu. Hafi stefnandi sjálfur gert upp reikninga sína og skipshafnarinnar með Hafsteini Hafsteinssyni, skrifstofumanni Pólstjörnunnar, og hafi hann aldrei minnzt á, að uppgjórið væri

ekki fullkomið eða að hann ætti eitthvað ógreitt. Hafi stefnanda verið greitt kr. 167.645.34 samkvæmt uppgjörinu og hafi hann kvittað fyrir það athugasemdalaust. Síðari hluta vetrar 1964 eða um vorið hafi stefnandi beðið stefnda að greiða sér ýmsa aukavinnu og eftirvinnureikninga frá fyrri tíð og hafi stefndi gert það, en þá hafi ekki hvarflað að honum, að stefnandi ætti enn eftir að koma með bakreikninga frá haustinu áður, en svo hafi raunin orðið á, er stefndi móttók kröfubréf lögfræðings stefnanda, dags. 30. júní 1964. Telur stefndi, að greiðslan á aukavinnunni um vorið hafi verið í greiðaskyni og umfram skyldu, enda hafi sú greiðsla verið alger lokagreiðsla frá sinni hendi.

Stefndi heldur því og fram, að máлshöfðun þessi sé freklegt brot á samkomulagi forstjóra þess og stefnanda og að hann hafi hlaupið á brott án þess að segja skriflega upp með tilskyldum fyrirvara. Fyrir þetta sé stefnandi tvímælalaust bótaskyldur.

Með gagnstefnu, útgefinni 22. marz 1965, höfðaði stefndi gagnsakarmál gegn aðalstefnanda og gerir þær dómkröfur, að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda kr. 50.000.00 í tjónbætur auk 7% ársvaxta frá 20. september 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati dómsins. Segir gagnstefnandi, að krafan séu tjónbætur til sín að öðrum þræði af þeim sökum, að gagnstefndi sem skipstjóri á v/b Eldey tók þá ákvörðun án samráðs við útgerðina, gagnstefnanda, að hætta síldveiðum fyrir Austurlandi, sigla skipinu til Keflavíkur og afskrá skipshöfnina þar hinn 20. september 1963, en upplýst sé, að annað skip frá Keflavík, v/b Lómur, hafi haldið áfram veiðum eystra eftir þetta með góðum árangri.

Til sakarauka, er varði bótaskyldu, og sem hluta af gagnstefnukröfunni telur gagnstefnandi vera framkomu gagnstefnda, er Jóhannes Jóhannesson og Kristinn Ó. Karlsson netjagerðarmaður komu austur með efni til að lagfæra nótina um borð í Eldey að beiðni gagnstefnda, en þeirri ferð hafi lokið þannig, að þeir félagar hafi neyðzt til að snúa aftur til Reykjavíkur með nótarefnið ónotað af ástæðum, sem gagnstefndi beri sök á. Samkvæmt framlögðum reikningi gagnstefnanda nemur ferðakostnaður o. fl. austur alls kr. 10.606.60, sem er hluti bótaskrófunnar.

Gagnstefndi mótmælir bótaskrófu gagnstefnanda sem órökstuddri og ósundurliðaðri. Krefst hann sýknu af bótaskrófunni og sér tildæmdan málskostnað, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Hann segir, að hinn 18. september hafi hann kastað á stóra torfu, en nótin hafi þá

rifnað og aflinn glatazt. Efni hafi vantað til viðgerðar nótarinnar og auk þess mundi erfitt að fá hana viðgerða þá. Vertíðarlok hafi verið komin og veður farið versnandi. Allir bátar frá Keflavík að v/b Lómi einum undanteknum hafi verið hættir veiðum fyrir austan. Hafi hann því álitnið það sjálfsgæða ákvörðun hjá sér að hætta veiðum, því að ekkert úrræði hafi annað verið fyrir hendi, eins og á stóð. Taldi hann ekki ástæðu til að hafa samband við útgerð bátsins um þetta atriði. Samkvæmt framlögðu skráningarvottorði höfðu 10 Keflavíkurbátar aðrir en v/b Eldey afskráð af sumarsíldveiðum frá 14.—20. september, en v/b Lómur afskráði 1. október 1963.

Þá mótmælir gagnstefndi því, að hann hafi með framkomu sinni á Seyðisfirði hinn 9. september 1963 komið í veg fyrir, að gert var við síldarnótina með efni því, sem Jóhannes Jóhannesson og Kristinn Ó. Karlsson komu með til Seyðisfjarðar, og orðið að hverfa aftur með nótarefnið ónotað til Reykjavíkur. Hann hefði þegar sjálfur verið búinn að fá netjagerðarmann, Eggert Theodórsson, til að annast viðgerðina og hafi alls ekki átt von á Kristni austur, og þaðan af síður beðið hann að koma austur. Mótmælir hann og nokkurri bótaskyldu frá sinni hendi út af þessu. Bæði Kristinn og Jóhannes hafi verið drukknir, er þetta skeði, og því ekki mark takandi á orðum þeirra.

Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslur sínar í málinu. Voru þeir samprófaðir, án þess að samræmi fengist í framburðum þeirra, og stangast þar á staðhæfingar hvors um sig. Aðalstefndi segir, að frá upphafi veiðitímans hafi veiðiskapurinn gengið mjög illa. Hafi aðalstefnandi byrjað með haustvertíðina (sic) og hafi aðalstefndi komið með 300 faðma langan snurpuvír um borð, er nótin var tekin í bátinn, en þá hafði átt að vera 100 faðma langur vír um borð til að lengja snurpuvírinn, en sá vír hafi ekki fundizt í bátinum, og aðalstefndi heldur því fram, að 300 faðmarnir væru nógu langir. Var þessi nót notuð fyrir autan í ca. 3 vikur, en lítt veiddist í hana, vegna þess að hún var alltaf að rifna. Var nótin loks send suður og hafi þá komið í ljós, að hún var öll rifin og tætt og að sögn netjagerðarmannsins Kristins Ó. Karlssonar, sem áður hafði gert við nótina, hafi þetta stafað af því, að of stuttur vír hafi verið notaður. Eftir þetta hafi aðalstefnandi fengið sumarnótina um borð og hafi hann þá lengt vírinn. Hafi eftir þetta lítið til hans frétt þar til 7. september, að aðalstefnandi hringdi til Jóhannesar Jóhannessonar og bað hann að útvega efni til að

gera við nótna. Hafi það verið næsti bálkur við poka og helzt pokann sjálfan, sem hann hafi beðið um. Kveðst aðalstefndi hafa fengið efni hjá Kristni Ó. Karlssyni og beðið hann að koma með sér austur og setja það í nótna. Í nesti hefðu þeir keypt sér einn pela af koiaki og hafi það verið eina áfengið, sem þeir neyttu á þessu ferðalagi. Er austur kom hinn 9. september, hafi þeir Karl hitt Eggert Theodorsson og farið að tala við hann um haustnótina, en hann hafði, áður en hún var send suður, áætlað viðgerð á henni 300 þús. krónur. Hafi þá aðalstefnanda borið þar að og hafi lent í orðakasti með þeim. Hafi þá verið ákveðið, að aðalstefnandi tæki efnið um borð í Eldeyna og flytti það yfir fjörðinn á plan Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem ekki hefði verið hægt að fá viðgerðarpláss annars staðar. Kveðst Jóhannes síðan hafa farið með aðalstefnanda um borð og þá hafi hann sagt honum upp starfi, en hann yrði að vinna sinn uppsagnarfrest. Hafi aðalstefnandi fallið á þetta og jafnframt að láta lagfæra nótna. Morguninn eftir hefði komið í ljós, að efnið til viðgerðarinnar hefði verið skilið eftir handan fjarðarins og hafi aðalstefnandi verið ófánlegur til að senda léttbát eftir því. Hafi aðalstefnandi þá spurt, hvort uppsögnin frá kvöldinu áður stæði, og hafi hann svarað því játandi. Kveðst aðalstefndi hafa talað einleiga við aðalstefnanda í 2 klst. og hafi hann ekki getað fengið hann til að sækja efnið. Síðan kveðst aðalstefndi hafa farið með Kristni Ó. Karlssyni frá borði og flogið suður með efnið með sér. Síðan hafi ekkert frétt af aðalstefnda fyrr en 20. september, að hann kom til Keflavíkur og afskráði skipshöfnina án nokkurs samráðs við útgerðina. Hafi hann síðan, eins og áður er fram komið, farið norður í land í vikutíma eða svo.

Aðalstefnandi mótmælir í framburði sínum þessum staðhæfingum aðalstefnda. Segir hann, að umtalaði 100 faðma langi vír hafi verið notaður haustið áður með haustnótinni og hafi hann þá reynzt nógu langur, en þeir hefðu einmitt byrjað sumarsíldveiðarnar með þessari haustnót. Segir hann það rétt vera, að hann hafi lengt snurpuvírinn, þegar sumarnótin var tekin um borð, enda hafi það verið sjálfsagt, þar sem notuð var lengri nót. Þá segir aðalstefnandi það rétt, að hann hafi hringt til Jóhannesar og beðið hann að útvega efni til að laga nótna, því að það fengist ekki fyrir austan, og þyrfti það að vera næsti bálkinn við poka og helzt pokinn sjálfur. Að viðgerð á nótinni hafi ekki farið fram með því efni, sem Jóhannes og Kristinn Ó. Karlsson komu með, hafi stafað af því, að kvöldið, sem Jóhannes

kom til Seyðisfjarðar, hafi hann (aðalstefnandi) verið staddur á netjagerðarverkstæði Eggerts Theodórssonar og rætt við þá um væntanlega viðgerð á nótinni. Hafi hann verið búinn að fá pláss á plani Ingvars Vilhjálmssonar til viðgerðarinnar. En þá hafi Jóhannes komið þar inn og byrjað að karpa við viðgerðarmennina með þeim afleiðingum, að þeir harðneituðu að gera við nótina, ef það væri fyrir Jóhannes. Viðgerðin hafi ekki verið eins manns meðfæri og hafi netjagerðarmaður sá, er Jóhannes kom með austur, sagt sér, að hann treysti sér ekki til að gera við nótina einn, en ef skipshöfn Eldeyjar hjálpaði sér, væri hægt að gera það. Segir aðalstefnandi, að hann hafi aldrei neitað að taka efnið um borð í Eldeyna, en hann hafi, eftir að Jóhannes var farinn frá borði um kvöldið, ákveðið að flytja ekki efnið yfir fjörðinn á bryggjuplan Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem hann taldi það ástæðulaust, þar sem netjaviðgerðarmaðurinn hafi ekki treyst sér til að gera við hana einn. Hins vegar hafi hann verið búinn að breiða nótina út á planinu og undirbúið hana undir viðgerðina. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa beðið skipverja að hjálpa til við viðgerðina, bæði vegna þess að hann vissi, að þeir væru ekki skyldugir til þess, og eins vegna þess, að hann þóttist vita, að þeir mundu ekki vilja gera það. Hins vegar hefði hann sagt bæði Jóhannesi og Kristni, að þeir gætu sjálfir beðið skipverja um þetta. Þá segir aðalstefnandi, að eftir að þeir Jóhannes hafi farið frá Seyðisfirði, hafi hann beðið Baldur Guðmundsson útgerðarmann að grennslast eftir, hvar efnið væri niður komið, sem þeir komu með austur, og hafi hann fengið upplýst, að það væri komið á leið upp á Hérað til móts við flugvél, sem ætti að flytja það suður. Við nótina hafi verið gert til bráðabirgða á Norðfirði.

Vottorð frá netjaviðgerðarmönnum, þeim Kristni Ó. Karlssyni og Eggert Theodórssyni, hafa verið lögð fram í málinu.

Í vottorði Kristins segir, að þeir Jóhannes hafi skilið viðgerðar-efnið í nótina eftir á bryggju þeirri, sem Eldey lá við, er þeir komu til Seyðisfjarðar, og hafi þá talast svo til milli þeirra og aðalstefnanda, að hann tæki efnið um borð í Eldeyna og flytti skipið síðan yfir fjörðinn að síldarplani Ingvars Vilhjálmssonar, þar sem leyfi hafði fengist til að gera við nótina. En morguninn eftir, er þeir Jóhannes komu um borð í Eldeyna, kveðst Kristinn, sem hafði veitt því athygli, að efnið var enn á sama stað og kvöldið áður, hafa minnst á það við aðalstefnanda, að hann hefði gleymt að flytja það, og beðið hann að láta sækja það á báti.

Hafi aðalstefnandi svarað því til, að hann hefði skilið eftir efnið viljandi og óþarfi væri að sækja það. Segir Kristinn enn fremur, að hann hafi þá um morguninn verið búin að fá loforð Þorgeirs Jónssonar netjagerðarmeistara fyrir mönnum til aðstoðar við viðgerðina.

Vottorði þessu hefur aðalstefnandi mótmælt sem röngu, en tekið það að öðru leyti gilt sem staðfest. Ekki hefur Þorgeir Jónsson verið leiddur sem vitni í málinu.

Í vottorði Eggerts Theodórssonar segir, að hinn 9. september 1963 hafi orðið að samkomulagi milli sín og aðalstefnanda, að Eggert gerði við síldarnót Eldeyjar og hafi ætlað sér að byrja á viðgerðinni að morgni þess 10. september. En að kvöldi þess 9. september hefði Jóhannes Jóhannesson, forstjóri Eldeyjar, ásamt Kristni Ó. Karlssyni komið að máli við sig og hafi framkoma þeirra verið slík, þó einkum Jóhannesar, að hann hafi hætt við fyrirhugað verk, enda hafi báðir mennirnir verið drukkknir. Af sömu ástæðum hafi hann ekki viljað lána þeim menn til verksins.

Vottorði þessu hefur aðalstefndi mótmælt sem röngu, en tekið gilt að öðru leyti sem staðfest.

Ekki hefur verið upplýst í málinu um afla v/b Eldeyjar, eftir að viðgerð á nóttinni fór fram á Norðfirði, nema hvað aðalstefnandi kveður, að skráð sé í skipsdagbókina, að fyrr sama dag og nóttin endanlega rifnaði, 18. september, hafi Eldeyin landað 506 málum í bræðslu.

Eins og áður getur, reisir gagnstefnandi kröfu sína á því í fyrsta lagi, að gagnstefndi hafi bakað útgerðinni tjón með því að hafa án nokkurs samráðs við hana eða forstjóra hennar ákveðið upp á sitt eindæmi að hætta veiðum hinn 18. september og afskrá áhöfn bátsins hinn 20. s. m. eftir heimkomu þess til Keflavíkur, og í öðru lagi hafi hann og bakað útgerðinni tjón með því að eiga sök á því, að forstjóri gagnstefnanda og netjaviðgerðarmaður hans hafi orðið að snúa heim frá Seyðisfirði hinn 10. september með viðgerðarefnið ónotað. Undir flutningi málsins tók gagnstefnandi fram, að hann gerði ekki kröfu til þess, að gagnkrafa sín yrði skuldajöfnuð við kröfu aðalstefnanda, heldur krafðist hann sjálfstæðs dóms um gagnkröfuna.

Það er viðurkennt af gagnstefnda, að hann hafi ákveðið á eigin spýtur að hætta veiðum, eftir að nóttin rifnaði 18. september, enda hafi ekkert verið annað fyrir sig að gera. Dómurinn lítur svo á, að þrátt fyrir ákvæði 45. gr. siglingalaga nr. 66/1963 hafi skipstjórar rétt til að taka ýmsar ákvarðanir varðandi úthald

veiðiskipa á eigin spýtur og telur upplýst, að komið hafi verið að vertíðarlokum sumra báta fyrir Austurlandi þennan dag, og jafnvel flestir þeirra þegar hættir veiðum fyrir austan, en hann sjálfur með rifna nót. Í öðru lagi lítur dómurinn svo á, að ekki sé unnt, eftir því sem fram hefur komið í málinu um viðskipti forstjóra gagnstefnanda og gagnstefnda á Seyðisfirði hinn 9. og 10. september 1963 varðandi viðgerð á nótinni, að telja, að gagnstefndi eigi þar bótaskylda sök á, hvernig fór. Ekki hefur gagnstefndi heldur fært sönnur á, að hann hafi orðið fyrir beinu tjóni sökum aðgerða gagnstefnda utan ferðakostnaðarins til Seyðisfjarðar, kr. 10.606.60.

Úrslit í gagnsök verða því þau, að sýkna ber gagnstefnda af bótakröfu gagnstefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu í aðalsök, telur dómurinn að hvorugur aðilja, aðalstefnandi eða aðalstefndi, hafi fært lögfæranlegar sannanir fyrir staðhæfingum sínum um málsatvik. Aðalstefnandi hefur staðfest, að sér hafi verið munnlega sagt upp starfi 9. september 1963, en hinn 20. s. m. hafi aðalstefndi viljað gera gott úr þessu og veitt sér fararleyfi til Norðurlands. Hinn 29. september hafi hann orðið var við, að nýir starfsmenn hafi verið við vinnu um borð í Eldeynni, og daginn eftir hafi endanlega orðið ljóst, að aðalstefndi hafi ekki viljað þjónustu hans lengur.

Aðalstefndi heldur því hins vegar fram, að eftir uppsögnina 9. september hafi aðalstefnandi átt að vinna uppsagnarfrestinn, 3 mánuði, en er veiðitímabilinu lauk 20. september, hafi uppsögnin verið ítrekuð, en aðalstefnandi hafi þá rokið í burtu norður í land og þar með farið úr skiprúmi fyrirvaralaust. Við uppgjör 30. september hafi orðið samkomulag milli aðilja, að aðalstefnandi hætti án nokkurra eftirkrafna. Þessu mótmælir aðalstefnandi og segir, að sér hafi verið fyrirvaralaust vikið úr starfi og hafi hann ekki afsalað sér neinum rétti til að krefjast kaups uppsagnarfrestinn.

Við flutning málsins féll aðalstefnandi frá kröfu sinni um viðurkenningu sjóveðréttar í skipinu fyrir tildæmdum kröfum, þar eð v/b Eldey, KE 37, fórst á hafi úti, á meðan á rekstri máls þessa stóð, og váttryggingarféð muni þegar hafa verið greitt eignum.

Þegar virtar eru kröfur aðalstefnanda í frumsök og framhaldsök, þykir dóminum máli skipta, að rifjað sé upp, hvenær þær

eru gerðar, og enn fremur viðskipti aðilja, eftir að aðalstefnandi lét af störfum.

Það er viðurkennt af aðalstefnanda við aðiljayfirheyrslu 18/11 1964, að hann við reikningsskil 30. september áskildi sér ekki rétt til kaups eða bóta úr hendi aðalstefnda vegna skorts á uppsagnarfresti. Vorið 1964 fær hann greidda reikninga fyrir ýmis aukastörf hjá aðalstefnda án þess þá að minnast á það við forstjóra aðalstefnda, að hann ætti inni hjá honum vangoldið kaup vegna uppsagnarfrests, og viðurkennir hann og, að hann hafi ekki minnst á það við útgerðina fyrir þann tíma heldur. Hinn 30. júní 1964 fær aðalstefndi kröfubréf frá lögræðingi aðalstefnanda vegna vangoldins kaups aðalstefnda fyrir áður-nefnda 3 mánuði, og 15. september s. á. er málshöfðun hafin með kröfu um 3ja mánaða kaup, kr. 32.429.80. Með stefnu, útgefinni 3. febrúar 1965, höfðar aðalstefnandi framhaldssök í málinu og gerir þá kröfu til tjónbóta, sem miðaðar eru við aflahlut skipstjórans á v/b Eldey á tímabilinu 15. október til 31. desember 1963, kr. 91.137.11. Telur aðalstefnandi þá ástæðu fyrir því, að ekki hafi þegar í frumstefnu verið gerð krafa til þessarar fjárhæðar, að honum hafi ekki verið kunnugt um aflamagn Eldeyjar greindan tíma fyrr en í þinghaldi 18. nóvember 1964, að forstjóri aðalstefnda, Jóhannes Jóhannesson, upplýsti það. Engin launung er um aflamagn fiskiskipa og hefði aðalstefnanda því verið innan handar að afla sér þeirra upplýsinga þegar í upphafi, enda ber útgerð fiskiskipa að láta áhöfn skips í té uppgjör innan 14 daga frá lokum hvers tryggingartímabils samkvæmt 17. gr. kjarasamninga L. Í. Ú. Þykir dráttur þessi á breytingu frá þriggja mánaða kaupkröfu samkvæmt 2. gr. sömu laga benda til þess, að aðalstefnandi hafi ekki í fyrstu ætlað sér að gera slíka kröfu eða talið, að hann ætti ekki rétt til bóta samkvæmt 3. gr.

Í málinu liggur fyrir vottorð Guðmundar Jónssonar útgerðarmanns frá Rafnkelsstöðum, að hann hafi boðið aðalstefnanda skipstjórn á v/b Jóni Garðari haustvertíðina 1963, sem hann viðurkennir að hafa hafnað.

Dómurinn lítur svo á, að bótaákvæði sjómannalaganna beri að skilja m. a. á þann veg, að bæturnar séu fyrst og fremst fyrir tjón það, sem skipstjóri verður fyrir vegna þess, að hann hefur að jafnaði lakari aðstöðu til þess að fá skipstjórastöðu að nýju vegna álitshnekkis, eftir að honum hefur verið vikið frá fyrirvaralaust. Um það virðist ekki að ræða í þessu tilfelli samkvæmt framangreindu vottorði.

Þegar allt þetta er virt og annað það, sem fram hefur komið í málinu, getur dómurinn ekki fallt á bótakröfu aðalstefnanda í framhaldssök.

Hins vegar fellst dómurinn á, að aðalstefnanda hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, og verður niðurstaða málsins því sú, að aðalstefndi, Eldey h/f, verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 32.429.80 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er í frumsök, og málskostnað, sem þykir hæfilega tildæmdur kr. 8.800.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti ásamt sjódomsmönnum Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyni skipstjóra kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Karl Sigurbergsson, skal vera sýkn af kröfu gagnstefnanda, Eldeyjar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Aðalstefndi, Eldey h/f, greiði aðalstefnanda, Karli Sigurbergssyni, kr. 32.429.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 4/1968. **Samvinnufélagið Hreyfill**
(Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Kristjáni Eiríkssyni
(Brandur Brynjólfsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1968 og krafizt þess, að synjað verði innsetningargerðar og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.